

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 121/2013

2013/EES/67/20

frá 14. júní 2013

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/750/EB frá 6. október 2009 um skilgreiningu á evrópsku, rafrænu vegatollþjónustunni og tæknilegum þáttum hennar ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/52/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„18ba. **32009 D 0750**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/750/EB frá 6. október 2009 um skilgreiningu á evrópsku, rafrænu vegatollþjónustunni og tæknilegum þáttum hennar (Stjútíð. ESB L 268, 13.10.2009, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/750/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 268, 13.10.2009, bls. 11.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Sameiginleg yfirlýsing samningsaðila**vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2013 frá 14. júní 2013 sem fellir ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/750/EB inn í EES-samninginn**

„Samningsaðilar viðurkenna, að með hliðsjón af sérstöðu Liechtensteins, mjög litlu vegakerfi landsins, ásamt því að 1. janúar 2001 innleiddi Liechtenstein gjald fyrir þung ökutæki, sem byggir á tvíhliða samningi milli Liechtensteins og Sviss og er innheimt á sameiginlegum landamærastöðvum samkvæmt samningi um tollabandalag við Sviss, sé fjallað um álitafni sem upp koma vegna rekstrarsamhæfis rafrænna vegatollkerfa í náinni samvinnu við Sviss.“